
FUNDARGERÐ

| | |
|----------------------|----------------------------------------------------------|
| Fundur: | Raforkuhópur 2003-01 |
| Fundartími: | Þriðjudagur 4. febrúar 2002 kl. 13:30 |
| Fundarstaður: | Orkustofnun, Grensásvegi 9 |
| Fundarefni: | 1) Raforkunotkun ársins 2002. |
| | 2) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2002. |
| | 3) Áætlun ársins, starfshættir og skipulag vinnu. |
| | 4) Notkunarflokkar raforku 2002 og gögn um afl. |
| | 5) Húshitun. |
| | 6) Almennar forsendur raforkuspár. |
| | 7) Önnur mál. |

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Ólöf Nordal
Agnar Árnason
Jakob Ólafsson
Jón Gestur Hermannsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

- 1) JV fór yfir tölur um raforkunotkun 2002 á heimasíðu nefndarinnar. Hann sagði að tölurnar væru nánast endanlegar þar sem einungis vantar smávægilega vinnslu í dieselstöðvum. ÍP benti á að einnig vantaði Álfsnes. JV sagðist ekki vera búinn að fá töpin fyrir Síldarvinnsluna á Neskaupsstað og Bæjarveitur Vestmannaeyja en þar væru töpin sérstaklega áætluð.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 4,7%. Aukning stórnotkunar var 5,4%, almenn notkun jókst um 3,4% og flutningstöp jukust um 9,0%. Aukning í forgangsorku almennrar notkunar var 2,0% og 12,1% í ótryggðri orku. JV benti

á minni aukningu almennrar forgangsorku á seinni hluta síðasta árs en fyrri hlutanum.

JV fór yfir töflur um almenna raforkunotkun leiðrétta út frá lofthita. Síðasta ár var mjög hlýtt miðað við meðalár, en árið á undan var einnig hlýtt en þó ekki eins og síðasta ár. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 3,5% (úr 3,2%) og aukning forgangsorku verður 2,3% (úr 2,0%). JV afhenti hverri veitu fyrir sig upplýsingar um orkuöflun viðkomandi veitu. Aukning forgangsorku var 2,1% á Suðurnesjum, 7,7% í Hafnarfirði, 2,1% hjá Orkuveitu Reykjavíkur, 1,2% hjá Rarik, 2,1% hjá Orkubúi Vestfjarða og 0,3% hjá Norðurorku.

- 2) JV dreifði drögum 1 að stuttri fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs og sagði að á síðasta ári hefði verið bæði stutt og löng útgáfa af fréttatilkynningu og báðar væru þær á heimasíðunni. JV bað um hugmyndir að nýjum atriðum í fréttatilkynninguna. GG benti á að nefna mætti væntanlega aukningu vegna Kárahnjúka. AÁ benti á að nefna meðalheimilisnotkun í samanburði við meðalnotkun landsmanna. JV sagði að fréttatilkynningin yrði afgreidd á fundi í Orkuspárnefnd og ef menn hafa einhverjar athugasemdir eða hugmyndir þurfa þær að komast til JV sem fyrst.
- 3) Engar athugasemdir komu við áætlun ársins. JV sagði að meginþunginn í endurskoðun raforkuspár yrði í sumar en nú væri verið að vinna að nýrri jarðvarmaspá.
- 4) JV sagði að notkunarflokkar raforku væru komnir frá Orkuveitu Reykjavíkur. ÍB sagði að heildarnotkunin hefði staðið í stað samkvæmt þeim tölum. Eina svæðið með aukningu er Kópavogur. ÍP sagði að það vantaði götulýsinguna. Varðandi minnkun á Akranesi væri um að ræða verulega minnkun hjá sementsverksmiðjunni. JGH ætlar að athuga með notkunarflokkana hjá Hitaveitu Suðurnesja. JV hvatti alla til að skila notkunarflokkunum sem fyrst. Aflgögn eru ekki farin að berast.
- 5) JV sagði að endurskoða þyrfti húshitunarspá samhliða raforkuspá. Spurning væri hvort ástæða væri til að gefa út sérstaka slíka spá. Fundarmenn tölu nægjanlegt að gögn um húshitun kæmu fram í jarðvarmaspá og raforkuspá.

- 6) Engar sérstakar hugmyndir komu fram varðandi endurskoðun á almennu forsendunum samhliða gerð nýrrar raforkuspár. JV var falið að ræða við Hagstofu Íslands varðandi tölur um mannafla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 4. mars 2002.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2002. Drög 1.